



Finansdepartementet  
Finansministern

Nordiska rådet  
Ved Stranden 18  
1061 Köpenhamn  
Danmark

## Svar við fyrirspurn E 9/2018 um hertar samnorrænar aðgerðir gegn skattaskjólum, skattsvikum, skattaskipulagningu og skaðlegri skattasamkeppni

Flokkahópur vinstri grænna í Norðurlandaráði beindi eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda:

- Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að herða verulega sameiginlegar aðgerðir ríkjanna og hugsanlega koma á nýjum til að vinna gegn skattaskjólum með það fyrir augum að útrýma þeim?
- Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að taka að sér forystuhlutverk í alþjóðlegri baráttu gegn skattaskjólum, til dæmis innan OECD, ESB og SP og virkja viðeigandi alþjóðlega aðila á þessu sviði?
- Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að íhuga að skilgreina stofnun og rekstur eignarhaldsfélaga í skattaskjólum sem efnahagsbrot og setja viðeigandi refsíákvæði við þeim?
- Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að efla verulega núverandi varnir gegn skattaskipulagningu og skattsvikum og svartri vinnu, bæta gagnsæi reglna og upplýsingaaðgengi og auka og bæta dreifingu upplýsinga til almennings?

Þegar árið 2006 hófu Norðurlöndin sameiginlegt verkefni í því skyni að gera tvíhliða upplýsingaskiptasamninga á sviði skattamála (tax information exchange agreement, TIEA) við mikilvæg lögsagnarumdæmi með upplýsinga- og skattaleynd. Verkefnið var einstakt í sinni röð og þegar G20 með aðstoð OECD í upphafi árs 2009 komu á fót alþjóðlegum stöðlum um

gagnsæi og upplýsingaskipti á sviði skattamála, stóðu Norðurlöndin vel að vígi til þess að geta tiltölulega fljótt samið um það sem síðar varð eitt umfangsmesta tengslanet tvíhliða TIEA-samninga í heimi, sem alls nær til 45 lögsagnarumdæma með upplýsinga- og skattaleynd. Auk þess gerðu löndin sem stóðu utan verkefnisins samninga við önnur mikilvæg lögsagnarumdæmi með upplýsinga- og skattaleynd, sem þýðir að sérhvert Norðurlandanna hefur að mestu leyti þéttriðið net samninga um upplýsingaskipti þegar þess er óskað.

Gerð TIEA-samninga hefur verið fylgt eftir af norrænum skattayfirvöldum. Norræna tengslanetið gegn alþjóðlegum skattaundanskotum (NAIS) var sett á fót 2010 í því skyni að

1. þróa færni við að velja úr og greina alþjóðleg skattaundanskot, einkum við lönd sem eru áhugaverð frá sjónarhóli skattaundanskota, eins og til dæmis fjármálamiðstöðvar með nýjum samningum og
2. þróa færni norrænna skattayfirvalda varðandi upplýsingaskipti við önnur ríki þegar þess er farið á leit.

Norræna aðferðin byggist á að bæta allt vinnuferlið með því að:

- efla vinnu við úrvinnslu og eftirlit,
- nýta á skilvirkan hátt öll tækifæri til upplýsingaskipta og
- eiga náð samstarf við samstarfsaðila.

Þetta er meðal annars gert með norrænu samstarfi og miðlun reynslu um hvernig megi á bestan hátt uppgötva og rannsaka skattsvik sem fara fram með yfirfærslum til lágskattalanda og landa með nýja upplýsingaskiptasamninga. NAIS heldur árleg málþing fyrir endurskoðendur og rannsakendur til að byggja upp færni og bera saman reynslu um eftirlitssvæði og árangursríkar aðferðir. NAIS vinnur einnig að því að bæta úrvinnsluna á grundvelli tiltækra heimilda eins og leka, upplýsinga frá löndunum og niðurstaðna eftirlits úr sjálfvirku eftirliti frá öðrum löndum.

NAIS-hópurinn hefur einnig haldið sameiginlega fundi með fjölmörgum samstarfsaðilum í því miði að þróa upplýsingaskipti. Til dæmis var haldinn fundur með Panama 1. júní 2018 en sá fundur varpaði ljósi á ýmis mál og bætti meðferð upplýsinga frá Panama. Ef eitthvert eitt Norðurlandanna

heldur fund með samningsaðila er hægt að deila niðurstöðum fundarins með hinum NAIS-löndunum.

Í tengslum við lekann á svokölluðum Panamaskjölum kom í ljós að Norðurlöndin standa mjög framarlega þegar kemur að vandaðri úrvinnslu gagna og nýtingu tiltækra verkfæra til upplýsingaskipta. Norðurlöndin hafa þannig staðið þétt saman á alþjóðavettvangi, svo sem á vettvangi OECD, *Forum on Tax Administration (FTA)* og *Joint International Taskforce on Shared Intelligence and Collaboration (JITSIC)*, þar sem norræna leiðin hefur hlotið verðskuldaða athygli.

Í verkefninu *FTA JITSIC Panama Papers project* og hópnum *Paradise Papers Initial Assessment Group* hafa ýmsir þátttakendur úr NAIS-tengslanetinu deilt reynslu sinni. Svíþjóð var falið að leiða sérfræðingahóp þar sem ellefu OECD-ríki að meðtöldu Finnlandi tóku þátt og þróuðu sniðmát til að útbúa svokallaða hópbeiðni (*group request*), þar sem leitað er eftir upplýsingum um að meðaltali 500 óþekkta einstaklinga í einni stakri beiðni. Núna fer einnig fram vinna á vegum JITSIC með lekann á Paradísarskjölunum þar sem Svíþjóð leiðir hóp sem hefur mótað vinnuaðferðir fyrir skjót upplýsingaskipti þegar leki kemur upp og fást þarf við mikið gagnamagn. Þessi sniðmát hafa hlotið mjög góðar viðtökur og eru nú notuð af fjölmörgum löndum og hafa einnig verið kynnt fyrir alþjóðlegum vettvangi sem vinnur að auknu gagnsæi í skattamálum, *Global Forum on Transparency and Exchange of Information for Tax Purposes*, þar sem um það bil 150 lögsagnarumdæmi (að meðtöldum öllum Norðurlöndunum) taka þátt. Noregur og Danmörk taka þátt í greiningarvinnunni á lekunum og á þeim fundum sem haldnir eru á vegum OECD skipuleggur Noregur, sem tekur þátt í ráðgjafahóp, norræna forfundi þar sem löndin stilla saman strengi og leita samstöðu.

Ofangreindur alþjóðlegur vettvangur hefur það verkefni að leggja mat á alþjóðlega staðla um upplýsingaskipti þegar þess er farið á leit og sjálfkrafa upplýsingaskipti. Að því er varðar upplýsingaskipti þegar þess er farið á leit voru nýjar svokallaðar viðmiðunarreglur samþykktar 2016. Þær fela meðal annars í sér auknar kröfur um aðgengi að upplýsingum um eignarhald í félögum og sjóðum, sem og aukna áherslu á gæði beiðna um upplýsingar. Norðurlöndin taka virkan þátt í þessari vinnu, til dæmis hefur Noregur um langt skeið tekið þátt í litlum hópi landa (*Peer Review Group*) sem skoðar grunnreglur og tæknileg atriði varðandi mat á upplýsingaskiptum lögsagnarumdæmanna þegar eftir þeim er leitað.

Öll Norðurlöndin hafa gerst aðilar að alþjóðlega staðlinum um sjálfkrafa upplýsingaskipti um fjárhagsmálefni. Í maí 2018 höfðu alls 100 ríki og lögsagnarumdæmi undirritað fjölþjóðlega samninginn um sjálfkrafa upplýsingaskipti samkvæmt alþjóðlega staðlinum. Öll Norðurlöndin eru svokallaðir *early adopters* og eru meðal fyrstu landanna sem hafa undirritað fjölþjóðlega samninginn um upplýsingaskipti. Upplýsingaskiptin hófust 2017 og náðu þá til gagna um árið 2016. Meðal annarra landa sem hafa undirritað fjölþjóðlega samninginn eru mikið til þau lögsagnarumdæmi með upplýsinga- og skattaleynd sem í norræna TIEA-verkefninu voru talin mikilvæg til upplýsingaskipta þegar þess væri farið á leit. Meirihluti þessara lögsagnarumdæma mun þannig hefja sjálfkrafa upplýsingaskipti árið 2018.

OECD/G20 lögðu fram tilmæli á vegum BEPS-verkefnisins um upplýsingaskyldu fyrir skattaráðgjafa (aðgerð 12) sem var kynnt 2015. Inntak tilmælanna er meðal annars að skattaráðgjafar skuli skila upplýsingum til skattayfirvalda um skattþjónustu sem boðið er upp á eða er beitt. Markmiðið er að upplýsingar um skattaskipulagningu sem notar skattalöggjöf út í ítrustu æsar nái fljótt til skattayfirvalda, sem og að skattayfirvöld fái upplýsingar um þá sem veita svona skattþjónustu og hverjir notendurnir eru. Árið 2018 var samþykkt breytingatilskipun (DAC 6) innan ESB með ákvæðum um upplýsingaskyldu fyrir meðal annars veitendur ákveðinnar skattþjónustu yfir landamæri og sjálfkrafa upplýsingaskipti um þessa þjónustu milli hlutaðeigandi stofnana aðildarríkjanna, regluverk sem því nær til þriggja norrænu aðildarríkjanna í ESB. Tilskipunin nær til upplýsingaskyldu fyrir fyrirkomulag sem leitast við að fara á svig við skýrslugjöf samkvæmt alþjóðlega staðlinum um sjálfkrafa upplýsingaskipti um fjárhagsmálefni (CRS) og til þess að skapa ógagnsætt erlent eignarhald. Vorið 2018 voru samþykktar sambærilegar reglur innan OECD í formi vísireglna (*Model Mandatory Disclosure Rules for CRS Avoidance Arrangements and Opaque Offshore Structures*).

Á heildina litið standa Norðurlöndin framarlega í vinnu gegn skattsvikum og skattaundanskotum en það má að miklu leyti þakka norrænu samstarfi. Mikið hefur gerst á þessu sviði á undanförunum árum en eins og kemur fram hér á undan er stöðug vinna í gangi til að auka enn frekar gagnsæi og upplýsingaskipti á sviði skattamála. Vinna við að gera eign og rekstur eignarhaldsfélaga í skattaskjólum refsivert er hins vegar ekki í gangi.

Stokkhólmi, 21. júní 2018

Magdalena Andersson